

**Leiðbeiningar um  
notkun norræna  
umhverfismerkisins  
Svansins**  
á vörur og þjónustu



# Velkomin!

Þessar leiðbeiningar eru settar saman til að sýna almennar reglur um notkun merkis norræna umhverfismerkisins Svansins á vörur, umbúðir, fyrir þjónustu og á prentgripi.

Sem leyfishafi eða eigandi vörumerkis ert þú búin að ganga í gegnum strangt ferli til að fá Svansleyfi fyrir vöruna eða þjónustuna.

Með virkri notkun á merki Norræna Svansins á þína vöru eða þjónustu færðu ekki aðeins opinbera viðurkenningu á umhverfisstarfi

fyrirtækisins heldur færðu í leiðinni skilvirkt markaðstæki sem nýtur tiltrú neytenda og er vel þekkt. Þetta hjálpar þér við að koma vöru þinni á framfæri.

#### **Athugið: Svanurinn á markaðsefni**

Þessar leiðbeiningar taka ekki á notkun Svansins í markaðsefni, svo sem í auglýsingum, bæklingum, sýnishornum, sýningum o.s.frv.



---

Við erum alltaf til í að hjálpa þér.

Ef upp koma spurningar, hafðu samband við Umhverfisstofnun.

---

Í nóvember 1989 ákvað Norræna ráðherranefndin að þróa opinbert, valfrjálst umhverfismerki, norræna Svaninn. Stofnununum hér að neðan var gefið það hlutverk að bera ábyrgð á umhverfismerkinu í sínu landi.

Guidelines for  
using the Nordic  
Swan Ecolabel  
on products and services



## Þarftu aðstoð?

Ef þú ert með spurningar eða vantar aðstoð, hafðu samband við ábyrgðaraðilann í þínu landi eða heimsóttu heimasíðu þeirra:

**Umhverfismerking Danmörk  
Danish Standards Foundation**

DK-2150 Nordhavn  
Tel.: +45 72 300 450  
info@ecolabel.dk  
www.ecolabel.dk

**Umhverfismerking Finnland,  
Motiva Services Oy**

FI-00101 Helsinki  
Tel.: +358 9 6122 5000  
joutsen@ecolabel.fi  
www.joutsenmerkki.fi

**Umhverfismerking Ísland,  
Umhverfisstofnun**

IS-108 Reykjavík  
Tel.: +354 591 2000  
ust@ust.is  
www.ust.is

**Umhverfismerking Noregur**

NO-0255 Oslo  
Tel.: +47 24 14 46 00  
info@svanemerket.no  
www.svanemerket.no

**Umhverfismerking Svíþjóð AB**

SE-100 64 Stockholm  
Tel.: +46 8 55 55 24 00  
info@svanen.se  
www.svanen.se

# Efnisyfirlit

## 1.0 Inngangur

1.1 Mikilvæg skref fyrir rétta notkun	6
1.2 Fyrirvari	7
Ábyrgð	7
Röng notkun	7

## 2.0 Notkun merkis Norræna Svansins

2.1 Grunnreglur		2.2 Notkun á vörur og umbúðir		2.3 Notkun fyrir þjónustu	
Samsetning merkisins	10	Val um staðsetningu	17	Skýr skilaboð	23
Tungumál	11	Dæmi	18	Dæmi	24
Staðsetning leyfisnúmers/undirtexta	12	Vörur án ytri umbúða	19	Staðsetning merkis á heimasíðu	25
Merkið í lítilli stærð	13	Ytri umbúðir	20	Tékklisti	26
Litir	14	Tékklisti	21		
Röng notkun merkisins	15			2.4 Notkun á prentgripi	
				Prentgripir	28

# 1.0 Inngangur

Þessi kafli útskýrir mikilvægustu atriði sem þú þarft að vita áður en þú byrjar að nota merki Svansins

- Mikilvæg skref til að komast af stað
- Fyrirvari, ábyrgð og misnotkun



# 1.1 Mikilvæg skref fyrir rétta notkun merkis Norræna Svansins

1

## Náðu í merki Svansins

Sem leyfishafi með virkt leyfi frá Norræna Svaninum áttu að hafa aðgang að niðurhali á merki Svansins í mismunandi sniðum.

Ef þú ert ekki viss um að þú sért með nýjustu útgáfu af merkinu, vinsamlegast hafðu samband við Umhverfisstofnun með tölvupósti eða heimsókn á vefsvæði stofnunarinnar.

Sjá tengiliðaupplýsingar á síðu 3.

### Erðu með leyfi til að nota merkið?

Aðeins fyrirtæki með virkt Svansleyfi mega notast við merki Svansins - og þá eingöngu á þær vörur/þjónustu sem hefur staðist vottun.

2

## Náðu í átta talna leyfisnúmer

Hver Svansleyfishafi er með átta talna leyfisnúmer. Leyfisnúmerið á að sýna með merki Svansins á vörum eða á heimasíðu þegar um þjónustu er að ræða.

### Deildu þessum leiðbeiningum!

Deildu þessum leiðbeiningum með þeim aðila sem sér um gerð markaðsefnis fyrir fyrirtækið til að tryggja rétta notkun.

3

## Staðsettu merkið og leyfisnúmerið á vöruna eða heimasíðu ef um þjónustu er að ræða

Fylgdu reglunum í þessum leiðbeiningum þegar þú staðsetur merki Svansins á vöruna þína, á umbúðir eða þegar þú setur merkið á heimasíðuna þína.

### Athugið!

Mundu að skoða viðmiðin fyrir þinn vöruflokk til að vera viss um hvort sérstakar kröfur séu til staðar um notkun undirtexta.

### Ekki nota merkið ef leyfið er útrunnið!

Rétturinn til að nota merki Svansins endar þegar leyfi rennur út. ef leyfið er ógilt eða ef samskipti leyfishafa og Umhverfismerking Ísland endar af öðrum ástæðum.

4

## Vertu viss um að notkun merkisins sé í samræmi við þessar leiðbeiningar

Notaðu tékklistann í kafla 2 til að vera viss um að uppsetningin standist kröfur sem settar eru fram í leiðbeiningunum.

### Ef í vafa:

Sendu loka uppsetningu á vörunni, umbúðum (merkingum o.s.frv.) eða link á heimasíðu fyrirtækisins til tengiliðs fyrirtækisins hjá Umhverfisstofnun.

## 1.2 Fyrirvari, ábyrgð og röng notkun

### Fyrirvari

Þessar leiðbeiningar voru þróaðar af:

Norræn Umhverfismerking,  
Box 38114, SE-100 64 Stockholm, Sweden  
Tel.: +46 8 55 55 24 00  
fnm@nordic-ecolabel.org  
www.nordic-ecolabel.org

Norræn Umhverfismerking eða ábyrgðaraðilar í hverju landi gefa leyfi til notkunar á merki Norræna Svansins á vörur og þjónustu fyrir leyfishafa með gilt leyfi.

Réttindi til notkunar á merki Svansins á vörur og þjónustu eru bara gefin þeim vörum og þjónustu sem leyfið nær yfir. Notkun merkisins á vörur sem leyfið nær ekki yfir, óháð því hvort fyrirtækið sé leyfishafi, er ekki leyfilegt.

Norræn Umhverfismerking áskilur sér rétt til að breyta leiðbeiningunum. Allir leyfishafar munu vera upplýstir skriflega eigi slíkar breytingar sér stað.

### Ábyrgð

Leyfishafinn er eingöngu ábyrgur fyrir merkingu á vörum, umbúðum og upplýsingagjöf. Það er einnig á ábyrgð leyfishafans að tryggja að umbúðir og merkingar séu í samræmi við staðla og löggjöf.

Leyfishafinn er ábyrgur fyrir rétttri notkun á merki Svansins og að undirtexti og leyfisnúmer sé notað á réttan hátt og sé sýnilegt.

Norræn Umhverfismerking tekur ekki ábyrgð á neinum öðrum merkingum eða fullyrðingum sem fram koma á vörunni eða við kynningu á þjónustu.

### Röng notkun á merki Svansins

Ef upp kemst um ranga notkun á merki Svansins mun Umhverfisstofnun taka til eftirfarandi aðgerða:

- Röng notkun verður tilkynnt og skráð í sérstakan gagnagrunn
- Haft er samband við fyrirtækið sem verður uppvíst að rangri notkun og notkunin rannsökuð.
- Farið verður fram á leiðréttingar innan gefins tímaramma. Tímaramminn mun fara eftir gerð rangnotkunar, þeim miðli sem notast var við og alvarleika brotsins.
- Eftirfylgni mun fara fram til að tryggja að röng notkun hafi verið stöðvuð og leiðrétt.

Frekari upplýsingar má sjá í kafla 2.7 í *Reglur um umhverfisstofnun vöru með norræna umhverfismerkinu* (heimasíða Umhverfisstofnunar).

#### Hugverkaréttindi

Nafn Norræna Umhverfismerkisins Svansins og merki hans er verndað af hugverkarétti og er eign Norræn Umhverfismerking.

Eingöngu fyrirtæki sem hafa fengið leyfi frá Norræna Umhverfismerkinu Svaninum hafa leyfi til að nota merki Svansins á vörur sínar og þjónustu.

Fyrirtæki án leyfis geta einungis notast við merkið þegar um er að ræða prentgrip - ef prentgripurinn er vottaður samkvæmt viðmiðum Svansins. Þetta á þó ekki við um umbúðir, en merki Svansins fyrir prentgripi skal ekki nota á umbúðir utan um aðrar vörur.

Vörur sem samþykktar eru af Norræn Umhverfismerking til notkunar sem hráefni í vottaðar vörur, en sem eru ekki sjálfar vottaðar hafa ekki leyfi til að bera merki Svansins.

Óleyfileg notkun á merkinu er bönnuð og mun vera farið með slík mál sem brot á hugverkarétti.

## 2.0 Notkun merkis Norræna Svansins

Þessi kafli og undirkaflar hans útskýra grunnreglur og leiðbeiningar um notkun merkis Norræna Umhverfismerkisins Svansins á vörur, þjónustu og á prentgripi.



## 2.1. Grunnreglur

Þessi kafli útskýrir það mikilvægasta sem ber að hafa í huga við notkun á merki Svansins

- Samsetning merkisins
- Tungumál
- Staðsetning leyfisnúmers og undirtexta
- Litir
- Hvað á ekki að gera!

## 2. Notkun merkis Norræna Svansins

### 2.1 Grunnreglur

#### Samsetning merkis Norræna Svansins

Merki Norræna Svansins er samsett úr þremur þörtum:

1. Merki Svansins með hástöfum
2. Lýsandi undirtexti \*)
3. Leyfisnúmer

Textinn SVANSMERKIÐ í hástöfum fylgir bognum útlínunum merkis Svansins.

Leyfisnúmer er staðsett undir merkinu.

\*) Lýsandi undirtexti er skyldubundinn fyrir vissa vöru- og þjónustuflokka. Mælt er fyrir um notkun undirtexta í viðmiðaskjali fyrir hvern vöru- og þjónustuflokk.

Bæði undirtexti og leyfisnúmer eiga að vera í **Helvetica Neue LT Std (Medium)**.



Umhverfismerkt  
1234 5678

1) Merki Svansins með SVANSMERKIÐ í hástöfum

2) Lýsandi undirtexti \*)

3) Átta talna leyfisnúmer

## 2. Norkun merkis Norræna Svansins

### 2.1 Grunnreglur

#### Tungumálaútgáfur merkis Norræna Svansins

Merki Svansins er hægt að ntoa í sex mismunandi tungumálaútgáfum:

##### Alþjóðleg útgáfu:

Það er leyfilegt að nota enska útgáfu af merkinu á öllum Norðurlöndunum og/eða í löndum utan Norðurlandanna.

##### Útgáfur eru einnig til á:

Sænsku  
Norsku  
Íslensku  
Dönsku  
Finnsku

Alþjóðlegt



Svíþjóð



Noregur



Ísland



Danmörk



Finnland



## 2. Notkun merkis Norræna Svansins

### 2.1 Grunnreglur

#### Staðsetning leyfisnúmers og undirtexta

##### 1. Merki Svansins ásamt átta talna leyfisnúmeri

eru skyldubundnir partar og verða að vera til staðar á öllum vörum og þjónustu.

##### 2. Lýsandi undirtexti

er skyldubundinn fyrir allar umhverfisvottaðar þjónustur og fyrir nokkrar vottaðar vörur (sjá reglur í hverju viðmiðaskjali).

Ítarlegri upplýsingar um staðsetningu merkisins, leyfisnúmers og undirtexta á umbúðum er að finna í kafla 2.2.

Til að styrkja vörumerkið og auka sýnileika merkisins á vörum er mælt með að merkið sé staðsett framan á vörum, en leyfilegt er að setja skyldubundnar upplýsingar, svo sem leyfingarnúmer, aftan á umbúðirnar.

Merki Svansins



Merki og leyfisnúmer



Merki, leyfisnúmer og undirtexti



Umhverfismerkt  
1234 5678



1234 5678



Umhverfismerkt  
1234 5678

## 2. Notkun merkis Norræna Svansins

### 2.1 Grunnreglur

#### Merkið í lítilli stærð - aftan á umbúðir

Lítill, lágrétt útgáfa af merki Norræna Svansins er fánleg til að nota sem merki til stuðnings stærra merkis á framhlið. Merkið er aðallega hugsað til notkunar á bakhlið umbúða.

Í þessari útgáfu fylgir merki Svansins stuttur texti og átta talna leyfisnúmerið.

Minna merkið er hugsað til notkunar á bakhlið vöru sem sýnir opinbert merki Svansins á framhlið, þá án leyfisnúmers og undirtexta.

#### ATHUGIÐ!

Merkið í lítilli stærð á einungis að nota sem aukamerki en kemur ekki í stað stærra merkis.

**Ef nota á smærri útgáfuna sem einu merkingu á vöru þarf að fá sérstakt samþykki Umhverfisstofnunar. Sjá tengiliðaupplýsingar á blaðsíðu 3.**

#### Merki í lítilli stærð



**Umhverfismerkt**  
**1234 5678**



**Svansmerkið**  
**1234 5678**

## 2. Notkun merkis Norræna Svansins

### 2.1 Grunnreglur



Pantone: 347 C  
CMYK: 100 / 000 / 090 / 000  
RGB: 000 / 154 / 068  
HTML: #009a44



Pantone: Black  
CMYK: 000 / 000 / 000 / 100  
RGB: 000 / 000 / 000  
HTML: #000000

### Litir

Grænn, svartur og hvítur eru litir merkis Norræna Svansins og er hægt að nálgast merkið í þremur mismunandi litaútgáfum. Mælt er með notkun á tvílitu merki (sjá mynd).

### ATHUGIÐ!

Merki Svansins má aldrei nota í "negative" útgáfu eða í gráum-litum.

Alltaf skal notast við græna og svarta litinn sem skilgreindir eru hér að ofan. Ef þú átt í vandræðum með að fylgja litareglum, hafðu samband við Umhverfisstofnun. Sjá tengiliðaupplýsingar á blaðsíðu 3.

Á hvítum eða ljósum bakgrunni

#### Útgáfur sem mælt er með



1234 5678



1234 5678

#### Leyfilegar einlitar útgáfur



1234 5678



1234 5678

#### Leyfilegar svartar útgáfur



1234 5678



1234 5678

Á dökkum eða mynstruðum bakgrunni

#### Útgáfur sem mælt er með



1234 5678



1234 5678

#### Leyfilegar einlitar útgáfur



1234 5678



1234 5678

#### Leyfilegar svartar útgáfur



1234 5678



1234 5678



## 2. Notkun merkis Norræna Svansins

### 2.1 Grunnreglur

#### Röng notkun merkis Norræna Svansins

Þekking neytenda á Norðurlöndunum á merki Svansins er mjög mikil og því mikilvægt fyrir þekkingu á vörumerkinu að merkið sé alltaf sýnt á sama hátt.

Merkið má aldrei sýna í breyttu eða teygðu formi eða á neinn hátt sem brýtur gegn hönnun merkisins.

Norræn Umhverfismerking, í gegnum Umhverfisstofnun, gefur þér aðgang að einu útgáfum merkisins sem leyfilegt er að nota.

#### Vertu viss um að þú sért að nota nýjustu útgáfu af merki Svansins.

Vertu viss um að þú sért að nota nýjustu útgáfu merkisins þegar stendur til að upp-færa umbúðir/merkingar og markaðsefni.

Þú getur fundið nýjustu útgáfu merkisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Sjá tengiliðaupplýsingar á blaðsíðu 3.

Ef nýtt merki hefur verið kynnt þarf fyrirtækið að lágmarki að skipta út merki þegar leyfi er endurnýjað.



## 2.2 Notkun merkis Svansins á vörur og umbúðir

Í þessum kafla eru settar fram leiðbeiningar um hvernig ber að nota merki Svansins á vörur

- Val um staðsetningu
- Leiðbeiningar fyrir smáar umbúðir/vörur
- Leiðbeiningar fyrir ytri umbúðir (hillur, bakkar o.s.frv.)
- Tékklisti

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.2 Á vörur og umbúðir

#### Val um staðsetningu

Merki Svansins á að vera sýnilegt og augljóst þegar það er staðsett á umbúðir vöru - til að einfalda neytendum að koma auga á merkið.

Leyfilegt er að setja lykilhuta merkis Svansins á umbúðir á tvo mismunandi vegu:

#### Valkostur A

##### Merki á framhlið.

##### Leyfisnúmer á bakhlið.

Merkið sjálf er sett á framhlið vörunnar. Merki í lítilli stærð með leyfisnúmeri er sett á bakhlið.

#### Valkostur B

##### Allt á framhlið.

Merkið og leyfisnúmerið er staðsett saman á framhlið vörunnar.

Sjá fleiri dæmi á næstu síðu.

#### Valkostur A

Merki á framhlið - texti (leyfisnúmer og undirtexti) á bakhlið.



Framhlið



Bakhlið

#### Valkostur B

Allt á framhlið.



#### Neytendur leita að Svaninum

Þónokkrar neytendakannanir hafa verið gerðar á Norðurlöndunum þar sem kemur í ljós að meirihluti neytenda leitar að merki Svansins þegar þeir versla. Neytendur vilja að það sé einfalt að koma auga á umhverfismerkið og smásöluaðilar lyfta upp vottuðum vörulínum. Vertu viss um að þú uppfyllir óskir neytenda og smásöluaðila með að gera merki Svansins áberandi og sýnilegt á þinni vöru.

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.2 Á vörur og umbúðir

#### Dæmi

Til að hágmárka sýnileika merkis Svansins mælum við með að merkið sé notað eitt og sér á framhlið umbúða og að leyfisnúmerið sé staðsett á bakhlið.

**A. Merki á framhlið** þarf að vera í stærð sem er í eðlilegu hlutfalli við stærð umbúðar og þannig að merkið sé skýrt og sýnilegt.

**B. Leyfisnúmer og undirtexti** á bakhlið vörunnar þarf að vera í tengingu við litla útgáfu af merki Svansins til að auðvelda neytendum að koma auga á merkið. Sjá blaðsíðu 14.

#### C. Allt á framhlið vörunnar

Þegar merkið er staðsett á framhlið vörunnar með leyfisnúmeri og hugsanlegum undirtexti, vertu viss um að þú notist við útgáfu sem er í réttri stærð sem gerir textann lesilegan.

#### D. Fleiri merkingar á umbúðir

Þegar um er að ræða stórar umbúðir er mælt með því að bæta við aukamerkjum á hliðar umbúðanna. Leyfisnúmerið þarf einungis að vera til staðar á einum stað.



Framhlið



Bakhlið



#### ATHUGIÐ:

- Hafðu staðsetningu merkisins í huga ef varan er sett í bakka eða hillu til að tryggja að hillur, standar eða annað fari fyrir merkið.
- Merkið á að vera í eðlilegum hlutföllum/stærð miðað við stærð vörunnar. Leyfisnúmer og lýsing á alltaf að vera augljós og læsileg.
- Á litlum umbúðum er leyfilegt að nota minni stærð merkis (blaðsíða 13) sem aðalmerkingu ef að Umhverfisstofun hefur samþykkt hönnunina.

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.2 Á vörur og umbúðir

#### Vörur án umbúða

**Á vörur** þar sem engar ytri umbúðir eru til staðar, t.d. fatnaður, byggingarplötur, leikföng eða húsgögn má staðsetja merki Svansins á límmiða, hálsmerki, eða hangandi merkjum til að auðvelda neytendum að sjá að varan sé umhverfisvottuð (sjá mynd).

#### ATHUGIÐ!

- Mundu að sýna leyfisnúmerið undir merki Svansins.
- Ef merki Svansins er sýnilegt á fleiri en einum stað þarf leyfisnúmerið einungis að vera til staðar á einum stað.
- Notkun merkis Svansins í lítilli útgáfu á límmiða, hangandi merki o.s.frv. er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Vertu viss um að fá samþykki áður en þú leggur lokahönd á hönnun merkis.

Sjá tengiliðaupplýsingar á blaðsíðu 3.



## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.2 Á vörur og umbúðir

#### Ytri umbúðir

Til að auka sýnileika Svansins og auðvelda neytendum að finna umhverfsvottaðar vörur má nota merki Svansins á ytri umbúðir fyrir umhverfsvottaðar vörur.

Hægt er að staðsetja merkið á tvo vegu:


**A.** Ef ytri umbúðirnar (svo sem bakki) fer yfir merki Svansins má setja merki Svansins á framhlið ytri umbúða.

**B.** Ef merkið og leyfisnúmerið er sýnilegt þrátt fyrir ytri umbúðir er nægilegt að merkið og leyfisnúmerið sé staðsett á umbúðunum sjálfum.


#### ATHUGIÐ!

- Merki Svansins má einungis nota á ytri umbúðir ef allar vörur í umbúðunum hafa hlotið vottun Svansins.
- Merki og leyfisnúmer á ytri umbúðum á að vera alveg það sama og merkið og leyfisnúmerið sem varan sjálf ber.

A



B





## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.2 Á vörur og umbúðir

#### Tékklisti

Notaðu þennan tékklista til að vera viss um að umbúðahönnunin þín sé í takt við þessar leiðbeiningar.

#### Ef þú ert í vafa...

Ef þú ert í vafa um hvort að merkingarnar á vörunni þinni séu í takt við þessar leiðbeiningar máttu alltaf senda hönnunina á tengilið hjá Svaninum (Umhverfisstofnun).

#### 1 Skoðaðu kröfur sem settar eru fram í viðmiðaskjali.

Farðu yfir viðmiðaskjalið fyrir þann vöruflokk sem um ræðir til að vera viss um hvort sérkröfur um undirtexta eða notkun merkisins eigi við um vöruflokkinn.

#### 2 Staðsettu merkið á framhlið vörunnar.

Merki Svansins á að vera staðsett á framhlið vörunnar þannig það sé sýnilegt neytendum. Merkið á framhlið á að vera í eðlilegum hlutföllum við stærð umbúðanna (texti lesanlegur).

#### 3 Vertu viss um að þú sért að nota rétta liti.

Mælt er með að nota merki Svansins í grænu með svörtum texta (sjá blaðsíðu 14). Notaðu merkið með hvítum bakgrunn ef umbúðin er í dökkum lit.

#### 4 Hafðu leyfisnúmer og undirtexta (þegar við á) sýnilegt.

Leyfisnúmer - og í vissum tilfellum lýsandi undirtexti - á að vera sýnilegur og læsilegur á umbúðunum og má staðsetja annaðhvort framan á umbúðirnar með merki Svansins eða á bakhlið til viðbótar við merki að framan (sjá blaðsíðu 17).

#### 5 Aldrei eiga við merki Svansins.

Mundu að eiga aldrei við merki Svansins eða reyna að bæta því inn í eigið merki (blaðsíða 15). Röng notkun á merkinu er brot á hugverkarétti.

## 2.3 Notkun fyrir þjónustu

Þessi kafli veitir leiðbeiningar um hvernig skal nota merki Svansins til að auðkenna umhverfisvottaða þjónustu

- Almennar reglur
- Leiðbeiningar fyrir leyfishafa þar sem allur hluti starfseminnar er vottaður
- Leiðbeiningar fyrir leyfishafa þar sem aðeins hluti starfseminnar er vottaður
- Dæmi
- Tékklísti

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.3 Fyrir þjónustu

#### Skýr skilaboð

Þegar merki Svansins er notað til að auðkenna umhverfsvottaða þjónustu þarf að vera skýrt nákvæmlega hvað er vottað - til að komast hjá misskilningi og veita villandi upplýsingar:

- A. Ef þjónustuaðilinn býður einungis upp á eina tegund þjónustu og sú þjónusta er vottuð af Svaninum má aðilinn nota Svaninn í öllu kynningarefni.
- B. Ef þjónustuaðilinn býður upp á margvíslega þjónustu sem ekki allar eru vottaðar þarf að vera mjög skýrt að vottunin eigi aðeins við um vissa þætti þjónustunnar (og þá hvaða þætti) en ekki um fyrirtækið í heild.

Þegar merki Svansins er notað til að aðgreina umhverfsvottaða þjónustu þarf **lýsandi undirtexti alltaf að fylgja merkinu ásamt leyfisnúmeri.**

Þú getur fundið skyldukröfur um undirtexta í viðmiðaskjalinu fyrir þinn þjónustuflokk.



#### ATHUGIÐ!

Merki Svansins má ekki steypa inn í merki fyrirtækisins.



Undirtexti  
1234 5678

1) Merki Svansins með SVANSMERKIÐ í hástöfum

2) Lýsandi undirtexti

3) Átta talna leyfisnúmer

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.3 Fyrir þjónustu

#### Dæmi um notkun merkisins á þjónustu

Á þessari blaðsíðu sérðu dæmi um hvernig á að nota merki Svansins og hvernig undirtexti og leyfisnúmer er staðsett undir merki Svansins.

Kveðið er á um hver undirtextinn skuli vera í viðeigandi viðmiðaskjali.

#### Ef þú ert í vafa...

Ef þú ert ekki viss um rétta notkun merkisins, leyfisnúmer eða undirtexta, hafðu samband við þinn tenglið hjá Svaninum.



Dagvöruverslun  
1234 5678



Ræstingaþjónusta  
1234 5678



Ráðstefnurými  
1234 5678



Bygging  
1234 5678



Prentsmiðja  
1234 5678



Bílaþvottastöð  
1234 5678

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.3 Fyrir þjónustu

#### Staðsetning merkis á heimasíðu

Til að aðstoða neytendur við að finna umhverfsvottaða þjónustu og til að skilja hvað Norræna Umhverfismerkið Svanurinn stendur fyrir á merki Svansins að vera sýnilegt á heimasíðu þjónustuaðilans. Staðsetning merkisins fer eftir hvort að þjónustuaðilinn býður aðeins upp á umhverfsvottaða þjónustu eða hvort að hluti þjónustunnar er vottaður:

#### Valkostur A

Þjónustuaðilar þar sem öll þjónustan sem fyrirtækið býður uppá er umhverfsvottuð má nota merki Svansins **í öllu viðeigandi samhengi**.

#### Valkostur B

Þjónustuaðilar þar sem einungis hluti þjónustunnar sem boðið er uppá er umhverfsvottuð má einungis nota merki Svansins á heimasíðunni **í tengingu við kynningu á umhverfsvottuðu þjónustunni**.

Merki Svansins á að vera staðsett á heimasíðu fyrirtækisins með það í huga að merkið sé sýnilegt neytendum og þeir eigi auðvelt með að finna merkið.

Við mælum með að merkið sé tengt við heimasíðu Svansins (svanurinn.is eða nordic-ecolabel.org) til að neytendur geti auðveldlega leitað sér frekari upplýsinga um þýðingu merkisins.

A



B



#### ATHUGIÐ:

- Þessar leiðbeiningar gefa hugmynd um hvernig sýna á merki Svansins á heimasíðu þjónustuaðila. Ef þú hefur spurningar um notkun merkisins í kynningar- og markaðs-efni, hafðu samband við tengilið þinn hjá Umhverfisstofnun. Sjá tengiliðaupplýsingar á blaðsíðu 3.
- Merki Svansins á alltaf að fylgja átta talna leyfisnúmer ásamt skyldubundnum undirtexta (á við alla þjónustuflokka).

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.3 Fyrir þjónustu

#### Tékklisti

Notaðu þennan tékklista til að vera viss um að notkun merkis Svansins á heimasíðunni þinni sé í takt við þessar leiðbeiningar.

#### Ef þú ert í vafa...

Ef þú ert í vafa um hvort að merkingarnar á vörunni þinni séu í takt við þessar leiðbeiningar máttu alltaf senda hönnunina á þinn tengilið hjá Svaninum (Umhverfisstofnun).

- 1 Skoðaðu kröfur sem settar eru fram í viðmiðaskjali.**  
Farðu yfir viðmiðaskjalið fyrir þann þjónustuflokk sem um ræðir til að sjá skyldubundinn undirtexta sem á að fylgja merki Svansins.
- 2 Notaðu merkið bara í tengslum við umhverfivottaða þjónustu.**  
Merki Svansins á aldrei að nota á hátt sem er ruglingslegt eða villandi fyrir neytendur. Ef þjónustan sem boðið er upp á er ekki öll umhverfivottuð þarf að vera skýrt hvaða hlutar eru vottaðir.
- 3 Hafðu leyfisnúmer og undirtexta sýnilegt.**  
Merkið á alltaf að nota með leyfisnúmeri og undirtexta.
- 4 Staðsettu merkið á heimasíðunni.**  
Til að tryggja að viðskiptavinir og neytendur geti aðgreint umhverfivottaðar þjónustur á að staðsetja merki Svansins á áberandi stað með einfaldri útskýringu á hvaða hluti þjónustunnar - ef ekki allir - eru umhverfivottaðir.
- 5 Aldrei eiga við merki Svansins.**  
Mundu að eiga aldrei við merki Svansins eða reyna að bæta því inn í eigið merki (blaðsíða 15).  
Röng notkun á merkinu er brot á hugverkarétti.



## 2.4 Notkun á prentgripi

Þessi kafli veitir leiðbeiningar um rétta notkun merkis Svansins á prentgripi

- Notkun merkisins á prentgripi
- Valkostir um staðsetningu
- Tékklisti

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.4 Á prentgripi

#### Merki Svansins á prentgripi

Til að prentgripur teljist Svansvottaður þarf hann að vera prentaður á vottaðan eða samþykktan pappír í Svansvottaðri prentsmiðju.

Merki Svansins þarf í þessu tilfalli alltaf að nota með undirtexanum **Prentgripur** og átta talna leyfisnúmeri prentsmiðjunnar sem er ábyrgt fyrir framleiðslu prentgripsins.

#### ATHUGIÐ!

- Ekki er æskilegt að merkja umbúðir sem umhverfisvottaða prentgripi þar sem það gefur til kynna að varan sjálf (en ekki umbúðirnar) sé vottuð.
- Þú getur nálgast lista yfir Svansvottaðar prentsmiðjur og vottaðan pappír á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
- Ekki nota Svansmerki prentsmiðjunnar sjálftrar á prentgripi.
- Prentsmiðjan þín getur gefir þér aðgang að réttri útgáfu merkisins og leyfisnúmeri til notkun á prentgrip - einnig er hægt að hlaða niður merkjunum á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Sjá tengiliðaupplýsingar á blaðsíðu 3.

Merki sem á að nota á  
Svansvottaða prentgripi



Prentgripur  
1234 5678

Lítill útgáfa af merkinu til að nota á  
Svansvottaða prentgripi

 Svansmerkið, Prentgripur, 1234 5678



Prentgripur  
1234 5678

## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.4 Á prentgripi

#### Staðsetning

- Í bókum og bæklingum má staðsetja merki Svansins, leyfisnúmer og undirtexta á framsíðu, innan á kápu eða á kóló fan/footer á prentgripnum sjálfum
- Í dreifibréfum og einssíðu prentgripum má staðsetja merki Svansins, leyfisnúmer og undirtexta neðst eða á hlið pappírins - annaðhvort lóðrétt eða lágrétt.
- Merki Svansins, leyfisnúmer og undirtexta á að setja fram í stærð sem gerir merkið sýnilegt og læsilegt.

# FYRIRSÖGN

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis autem vel eum iriure dolor in hendrerit in vulputate velit esse molestie consequat, vel illum dolore eu feugiat nulla facilisis at vero eros et accumsan et iusto odio dignissim qui blandit praesent luptatum zzril delenit augue dui dolore te feugait nulla facilisi.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis autem vel eum iriure dolor in hendrerit in vulputate velit esse molestie consequat, vel illum dolore eu feugiat nulla facilisis at vero eros et accumsan et iusto odio dignissim qui blandit praesent luptatum zzril delenit augue dui dolore te feugait nulla facilisi.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam,




Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis autem vel eum iriure dolor in hendrerit in vulputate velit esse molestie consequat, vel illum dolore eu feugiat nulla facilisis at vero eros et accumsan et iusto odio dignissim qui blandit praesent luptatum zzril delenit augue dui dolore te feugait nulla facilisi.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequat. Duis autem vel eum iriure dolor in hendrerit in vulputate velit esse molestie consequat, vel illum dolore eu feugiat nulla facilisis at vero eros et accumsan et iusto odio dignissim qui blandit praesent luptatum zzril delenit augue dui dolore te feugait nulla facilisi.

Lorem ipsum dolor sit amet, consectetur adipiscing elit, sed diam nonummy nibh euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam, quis nostrud exerci tation ullamcorper suscipit lobortis nisl ut aliquip ex ea commodo consequaaccumsan et iusto odio dignissim qui blandit praesent euismod tincidunt ut laoreet dolore magna aliquam erat volutpat. Ut wisi enim ad minim veniam,



## 2. Notkun merkis Svansins

### 2.4 Á prentgripi

#### Tékklisti

Notaðu þennan tékklista til að vera viss um að notkun merkis Svansins á prentgripnum þínum sé í takt við þessar leiðbeiningar.

#### Ef þú ert í vafa...

Ef þú ert í vafa um hvort að merkingarnar á prentgripnum séu í takt við þessar leiðbeiningar máttu alltaf senda hönnunina á þinn tengilið hjá Svaninum.

- 1 Fáðu merki Svansins og leyfisnúmer frá prentsmiðjunni þinni.**  
Svansvottaða prentsmiðjan sem þú skiptir við getur útvegað þér rétt merki Svansins og leyfisnúmerið sem þarf að nota með merkinu á prentgrip. Annars getur þú fengið merkið frá Umhverfisstofnun.
- 2 Mundu að nota rétt leyfisnúmer og undirtextann "Prentgripur".**  
Notaðu leyfisnúmer og lýsandi undirtexta fyrir prentgripinn þinn - sjá dæmi á blaðsíðu 29.
- 3 Notaðu merkið og undirtextann rétt.**  
Staðsettu merkið og undirtextann á forsíðu, footer eða neðst á dreifibréfi - í takt við dæmi á blaðsíðu 29.
- 4 Vertu viss um að þú sért að nota rétta liti.**  
Mælt er með að nota merki Svansins í grænu með svörtum texta (sjá blaðsíðu 14). Notaðu merkið með hvítum bakgrunn ef umbúðin er í dökkum lit.
- 5 Notaðu merkið einungis á prentgripi.**  
Merki Svansins má ekki nota á hátt sem er ruglandi eða villandi fyrir neytendur. Það þarf að vera skýrt að það er prentgripurinn sjálfur sem er vottaður en ekki vörumerkið/fyrirtækið/innihald prentgripsins.
- 6 Aldrei eiga við merki Svansins.**  
Mundu að eiga aldrei við merki Svansins eða reyna að bæta því inn í eigið merki (blaðsíða 15). Röng notkun á merkinu er brot á hugverkarétti.



Útgefandi:  
Umhverfismerking Ísland  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík  
Tel.: +354 591 2000  
ust@ust.is  
www.svanurinn.is

Umhverfismerking  
Ísland 